

# HÚSÖNDIN

30. tbl. 3. árg.  
26. ágúst 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 27. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

27.8. Stefanía Halldóra Stefánsdóttir, Helgi Þorleifur Þórhallsson  
29.8. Sander Neissar  
31.8. Anna Skarphéðinsdóttir, Laufey Ása Eyþórsdóttir  
1.9. Sigríður Guðrún Sigmundsdóttir

Kæru Mývetningar



Jarðböðin aðlaga sig að breyttum aðstæðum vegna Covid og því verður opnunartími vetrarins með breyttu sniði. Frá og með 1. september næstkomandi verður opið alla daga frá 15:00 – 21:00. Við kynnum einnig nýjung í kortum hjá okkur; vetrarkort sem gilda 1. september – 31. maí. Alveg briliant fyrir þá sem kjósa að baða sig frekar á veturna en sumrin 😊

Bestu kveðjur frá okkur öllum í Jarðböðunum

# Konur og krabbamein hugsum um heilsuna!

**Leghálskrabbameinsleit, röntgen rannsókn brjósta  
ásamt sjálfsskoðun er mikilvæg heilsuvernd**

**Unnt er að greina og oftast lækna forstigskrabbamein  
ef breytingar finnast í tæka tíð**

## **Samkvæmt ráðleggingum Krabbameinsfélags Íslands stendur:**

- konum 23-65 ára til boða leghálsskoðun á 3ja ára fresti
- konum 46-69 ára til boða brjóstamyndataka á 2ja ára fresti



Boðsbréf frá leitarstöð KÍ hefur nú borist þeim konum sem  
ráðlagt er að koma til krabbameinsskoðunar sem fer fram á  
**Heilsugæslustöð HSN á Húsavík dagana 14.-17. september**

**Heilsugæslustöð HSN á Þórshöfn 18. september**

Alexander Smárason kvensjúkdómalæknir sér um leghálsskoðanir

Vakin er athygli á að Leitarstöðin er með tilraunaverkefni í gangi til að kanna hvort  
kostnaður við skimun hafi áhrif á þátttöku kvenna og því fá konur fæddar 1997  
fyrstu leghálsskoðun fría og konur fæddar 1980 fyrstu brjóstamyndatöku fría.  
Þessi tilraun er fjármögnuð af Krabbameinsfélaginu.

**Tekið er við tímapöntunum á Húsavík fyrir þær sem fengið hafa  
boðsbréf í síma 464-0501 kl. 10-12 og 14-16 til 11. september.**

**Tekið við tímapöntunum á Þórshöfn í síma 464 0600 á sama tíma.**

### **Verð skv. gjaldskrá Leitarstöðvar:**

Báðar rannsóknir 7.175 kr  
Brjóstamyndataka 4.818 kr  
Leghálssrok 4.818 kr  
(afsláttarkort gilda ekki)



# Frá Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps



Vegna viðgerða verður lokað fyrir allan aðgang í ÍMS og þreksalinn föstudaginn 27. ágúst og því miður verður ekki hægt að skoða ljósmyndasýninguna í tengslum við Miðkvíslarhátíðina þann daginn.

Sýningin verður hins vegar opin um helgina og út mánudaginn 31. ágúst.

Kveðja starfsfólk

Due to repair work the Sports center will be closed for ALL activities including the gym on Friday the 27th of August. Unfortunately it will not be possible to attend the photographic exhibition regarding the Miðkvísl Celebration that day either.

However, the exhibition will reopen on Saturday morning and be on display through Monday the 31st of August.





Þekkingarnet  
Þingeyinga

*Fjölbreytt og skemmtilegt nám fyrir þá sem  
vilja auka við færni og þekkingu sína*

## **LEIKSKÓLALIÐA- OG STUÐNINGSFULLTRÚABRÚ**

*Við byrjum 7. september og enn er hægt  
að skrá sig á: [hac@hac.is](mailto:hac@hac.is)*

*Námið er blandað lotu- og fjarnám*

Forkröfur í námið eru að nemendur hafi náð 22ja ára aldri og hafi 3ja ára starfsreynslu við uppeldi og umönnun barna í leik- og grunnskólum. Námið er samtals 66 einingar sem kenndar eru á fjórum önnum. Nemendur útskrifast sem leikskólaliðar og/eda stuðningsfulltrúar að námi loknu.

**Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg í  
síma 6630497 eða [ingibjorg@hac.is](mailto:ingibjorg@hac.is)**

Verð: 151.000 kr eða 37.750 pr. önn (með fyrirvara um breytingu á verðskrá fræðslusjóðs) Þeir sem starfa hjá sveitarfélögum fá námið sér að kostnaðarlausu. Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og fræðslusjóðum.



Útibú Lyfju Hlíðavegi 8

Frá og með 1. september n.k. verður opið sem hér segir:

Mánudagar **10-12** og **13-15**

Þriðjudaga **10-12**

Miðvikudagar **LOKAÐ**

Fimmtudagar **10-12**

Föstudagar **10-12**

Lyfjasendingar koma frá Húsavík á þriðjudögum og föstudögum

Panta þarf lyf fyrir kl. 14 deginum áður

Lyfja Húsavík sími **464-1212**

Lyfja Reykjahlíð sími **464-0662**

Vinsamlegast geymið auglýsinguna



Frá Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8, Mývatnssveit  
FRÁ OG MEÐ 1. SEPTEMBER 2020 VERÐUR  
HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í MÝVATNSSVEIT  
EFTIRFARANDI

**Viðtalstímar hjúkrunarfræðings:**

Mánudaga **8.30-10**

Þriðjudaga **13-14**

Fimmtudaga **8.30-10**

Aðrir tímar eftir samkomulagi.

**Blóðprufur:** Á mánudögum og fimmtudögum  
frá kl. **8:30-9:30**

**Lyfjaendurnýjun:** í síma **464-0500** frá **kl. 9-10**  
alla virka daga

**Móttaka lækna:** á milli kl. **13-15** á mánudögum  
og á milli kl. **10-12** á fimmtudögum.  
Tímamantanir í síma **464-0501** eða **464-0660**

Vaktsími vegna bráðra erinda: frá kl. **8:15 – 9:00**  
og kl. **13:00 til 13:30** í síma **464-0500**

**Vaktsíminn 1700 sem er opinn allan sólarhringinn**

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar  
þjónustu er þörf – hringið í 112**

VINSAMLEGAST GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA